SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

19. október 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjald, 144. mál.

Sjávarútvegur er grundvallaratvinnugrein á Íslandi. Mikilvægi hans nær langt út fyrir reiknaða hlutdeild í landsframleiðslu. Ótalmörg fyrirtæki um allt land byggja afkomu sína á viðskiptum við sjávarútveg. Í kringum fiskveiðar og fiskvinnslu er öflugt rannsóknaumhverfi sem leggur grunn að nýsköpun og tækniþróun á mörgum sviðum. Sjávarútvegur hefur verið að breytast í þekkingargrein og íslensk fyrirtæki hafa nýtt þessa þekkingu til að afla markaða fyrir vörur og þjónustu víða um heim. Það er sama hvort er hönnun skipa, þróun fiskvinnslutækja, búnaður til flutnings sjávarfangs, þróun líftækniafurða, hugbúnaðar, sérhæfðra verkfræðilausna eða skipulagningu fiskveiða; alls staðar eru íslensk fyrirtæki í fremstu röð og til þeirra er litið af öðrum þjóðum.

Þannig skilar sjávarútvegur til þjóðfélagsins langt umfram það sem ætla mætti sé einungis litið til reksturs greinarinnar sjálfrar og nægir þar að nefna skatttekjur ríkis og sveitarfélaga.

Sjávarútvegurinn á í alþjóðlegri samkeppni við fyrirtæki sem njóta beins eða óbeins fjárhagslegs stuðnings yfirvalda hvert í sínu landi og einnig við almenna framleiðslu matvæla. Styrkur íslenskra sjávarafurða felst m.a. í sjálfbærum veiðum, öflugri vöruþróun, stöðugri nýsköpun og tengdri markaðssetningu afurða.

Þetta er sagt til að minna á að til þess að sjávarútvegurinn blómstri til lengri tíma þurfa stjórnvöld að gæta að samkeppnishæfni hagkerfisins og að rekstarskilyrðin hér innan lands séu sambærileg við það sem best gerist, þau séu fyrirsjáanleg, stöðugleiki ríki og síðast en ekki síst að gætt sé hófs í skattlagningu fyrirtækjanna.

Veiðigjald hefur verið lagt á sjávarútvegsfyrirtækin um hríð til að tryggja þjóðinni beinan hlut í afkomu greinarinnar eins og það er orðað í frumvarpinu en það er mikil breyting frá því fyrir ekkert löngu síðan, enda virðast með öllu gleymdir hlutafjársjóður Byggðastofnunar og atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina. Berlega hafa komið í ljós annmarkar á núverandi aðferðum við útreikning og álagningu veiðigjalds og er frumvarpinu ætlað að ráða bót á þeim að hluta.

Samtök atvinnulífsins telja ýmislegt til bóta í frumvarpinu. Þannig er ætlunin að gjaldið miðist við afkomu veiða á hverjum tíma, að verðmætasköpun í fiskvinnslu

myndi ekki stofn til veiðigjalds og að gjaldið miðist við almanaksár. Samtökin hafa hins vegar áhyggjur af því að hlutfallstala gjaldsins sé of há, að ekki sé tekið tillit til þess að hluti gjaldsins áður reiknaðist af verðmætasköpun fiskvinnslunnar og að gjaldið skuli ekki teljast frádráttarbær kostnaður í rekstri.

Samtök atvinnulífsins taka undir einstakar athugasemdir í umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri